

HOLTAMANNAAFRÉTTUR

Útivist og afþreying

Leiðarlýsingar fyrir gönguleiðir



Í vinnslu 31. maí 2010

MEGINLEIÐIR

1 ÞJÓRSÁRTUNGUR 72 KM

Leiðin liggur frá Hreysiskvísl eftir gömlu þjóðleiðinni yfir Sprengisand og með Þjórsá að Uppgöngugili við Sultartangalón. Heppilegt er að ganga þessa leið á fjórum dögum og eru dagleiðir þá um 20 km. Þá er gíst við Gásagust, Svartagil og Hvanngiljahöll. Landið á þessari gönguleið er greiðfært yfirferðar og leiðin fremur auðveld. Vaða þarf nokkrar ár, engin þeirra er dýpri en í hné. Leiðinni má skipta í eftirfarandi áfanga:

Hreysiskvísl – Eyvindarver 6 km

Leiðin fylgir að mestu leyti gömlu Sprengisandsleiðinni sem var vörðuð á árunum 1905-6. Leiðin liggur frá Hreysiskvísl eftir Hreysisöldu að Eyvindarkofa í Eyvindarveri. Þar dvöldu Eyvindur og Halla um tíma og er talið er að þau hafi flutt sig í Innra-Hreysi, sem er nokkru austar, vorið 1772.

Eyvindarver – Gásagustur 11 km

Frá Eyvindarkofa er farið yfir Eyvindaröldu, milli Sandvatns og Sveppatjarnar og um Þúfuver að leitarmannakofanum Gásagusti. Gengið er innan Friðlands Þjórsárvera.

Gásagustur - Sóleyjarhöfði 6 km

Leiðin liggur frá leitarmannakofanum Gásagusti og fylgir gömlu Sprengisandsleiðinni, sem vörðuð var á árunum 1905-6, að Sóleyjarhöfða. Við Sóleyjarhöfða lá Sprengisandsleiði yfir Þjórsá og áfram niður Gnúpverjaafreitt. Þessi hluti leiðarinnar er innan Friðlands Þjórsárvera.

Sóleyjarhöfði – Svartagil 13 km

Frá Sóleyjarhöfða er fylgt austurbakka Þjórsár að Svartagili. Að hluta til er gengið eftir vegslóða sem smalar kalla Hryggjaleið.

Svartagil – Hvanngiljafoss 13 km

Austurbakka Þjórsár er fylgt frá Svartagili að Herskipunum, sem eru tvær eyjar í Þjórsá, og áfram að Hvanngiljafossi. Hvanngiljafoss dregur nafn sitt af Hvanngiljum. Gnúpverjar kalla þennan foss Kjálkaversfoss.

Hvanngiljafoss – Hvanngiljahöll 6 km

Frá Hvanngiljafossi er stikuð leið með Þjórsá að Hrútsbólma og yfir Fosskvísl, sem þarf að vaða, að leitarmannahúsinu Hvanngiljahöll.

Hvanngiljahöll – Dynkur 3 km

Stikuð leið frá leitarmannakofanum Hvanngiljahöll, um Meyjarsæti að fossinum Dynk í Þjórsá. Í Meyjarsæti var fyrrum tjaldstaður fjallmanna, kallaðist hann "Undir fossi". Fossinn Dynkur er um 38 m hár, þar fellur Þjórsá fram af mörgum stöllum og myndar þannig marga smáfossa. Fallegastur er fossinn þegar mikið vatn er í Þjórsá.

Dynkur – Básar – Uppgöngugil 16 km

Gengið með Þjórsá frá fossinum Dynk um Bása og Þröngubása að Uppgöngugili. Básar skiptast í reglulega lagaða hamrahjalla og gróðurrikar grasbrekkur. Eru stallarnir úr fjarlægð að sjá líkastir tröllslegum stigaprepum. Neðan við stallana rennur Þjórsá. Stallar þessir eru taldir vera 18 talsins. Básar eru grasi- og mosavaxnir, þar er talsvert af víði og eini og nokkrar birkihrslur. Básar eru sundurskornir af giljum, mest þeirra er Vondagil. Niður af Vondagili er Manntapahella. Stór klapparahella niður við Þjórsá, seytlar vatn á hana og heldur henni sleipri. Sagan segir að 18 manns hafi runnið í Þjórsá og farist er þeir freistuðust til að stökkva yfir helluna fremur en taka á sig krók til baka. Í Þröngubásunum hefur Þjórsá sorfið í gljúfravegg sinn stórkostlegar klettamyndanir. Þetta eru afar stór og íhvolf vik, sem eru þverhnipt og hrikaleg að sjá. Víða má sjá þar tröllslega klettadranga þannig að auðvelt er að ímynda sér að þar hafi tröll dagað uppi. Þegar Þröngubásunum sleppir er gengið með Sultartangalóni um Einistorfur að Uppgöngugili.

2 HÁGÖNGULEIÐ 130 KM

Leiðin liggur frá Nýjadal í Vonarskarð og með Köldukvísl og Hágöngulóni að Syðri-Hágöngu. Þaðan að Skrokköldu, Ölduveri og í Versali. Þá til vesturs að Þjórsá og með henni að Hvangiljahöll. Þá sveigir leiðin til austurs og fylgir Klifshagavallakvísl, Köldukvísl og Tungnaá að Kláfferjunni á Tungnaá. Landið á þessari gönguleið er greiðfært yfirferðar og leiðin fremur auðveld. Vaða þarf nokkrar ár, engin þeirra er dýpri en í hné. Leiðinni má skipta í eftirfarandi áfanga:

Nýjadalur – Vonarskarð – Svarthöfði 17 km

Gönguleið frá Nýjadal um Mjóháls að hverasvæðinu í Vonarskarði og að Svarthöfða. Gengið er frá skálum Ferðafélags Íslands í Nýjadal eftir Mjóhálsi, en þaðan sér til allra átta. Stefnt er nánast í austur í gil milli Göngubrúnar og Eggju. Þaðan er gengið að hverasvæðinu í Vonarskarði og um Snapadal í skarð milli Kolufells og Svarhöfða.

Svarthöfði – Syðri-Háganga 23 km

Gönguleið frá Svarthöfða með Hágöngulóni að Syðri-Hágöngu. Leiðin fylgir vegslóða að mestu leyti.

Syðri-Háganga – Eyrarrósargil 11 km

Gönguleið frá Syðri-Hágöngu með Hágönguhrauni um Eyrarrósargil sunnan Skrokköldu.

Eyrarrósargil – Ölduver 10 km

Göngu- og reiðleið frá Eyrarrósargili við Skrokköldu um Hnauðaver að veiðihúsi í Ölduveri.

Ölduver – Versalir 11 km

Göngu- og reiðleið frá veiðihúsi í Ölduveri um Stóraver að leitarmannahúsinu Versölum.

Versalir – Svartagil 11 km

Göngu- og reiðleið frá Versölum að Svartagili. Fylgir að mestu leyti vegslóða norðan Kjalvatna.

Svartagil – Hvangiljafoss 13 km

Austurbakka Þjórsár er fylgt frá Svartagili að Herskipunum, sem eru tvær eyjar í Þjórsá, og áfram að Hvangiljafossi. Hvangiljafoss dregur nafn sitt af Hvangiljum. Gnúpverjar kalla þennan foss Kjálkaversfoss.

Hvangiljafoss – Hvangiljahöll 6 km

Frá Hvangiljafossi er stikuð leið með Þjórsá að Hrutshólma yfir Fosskvísl, sem þarf að vaða, og að leitarmannahúsinu Hvangiljahöll.

Hvangiljahöll – Klifshagavellir 9 km

Gengið er frá Klifshagavöllum með Klifshagavallakvísl að upptökum hennar við innanverðan Búðarháls. Þaðan er stefnt að Fosskvísl og henni fylgt að leitarmannakofanum Hvangiljahöll. Á Klifshagavöllum eru rústir réttar og leitarmannakofa sem var hlaðinn nokkru fyrir aldamótin 1900.

Klifshagavellir – Tungnaá 15 km

Göngu- og reiðleið frá Klifshagavöllum að ármótum Tungnaár og Köldukvíslar. Leiðin fylgir að hluta til vegslóða í nágrenni Köldukvíslar. Farið er framhjá fossinum Nefja í Köldukvísl.

Tungnaá – Tungnaárbrú 7 km

Göngu- og reiðleið frá ármótum Tungnaár og Köldukvíslar að brú yfir Tungnaá við Kláfferjuna. Leiðin fylgir Tungnaá en þarna lá áður leitarmannaleið frá Haldi inn á Klifshagavelli.

3 BÁRDARGATA 88 KM

Mjög erfið gönguleið sem er einungis fyrir þaulvant göngufólk. Gengið er nánast til suðurs úr skarðinu við Svarthöfða að felli sem stendur við jaðar Köldukvíslarjökuls. Til að losna við að þurfa að vaða tugi minni jökulvatna sem falla út í Vonarskarð og mynda Köldukvísl er gengið upp á jökul og - í hóflegri hæð suð-suðvestur eftir jöklinum. Þjóði skyggni uppá slíkt má hafa Hamarinn til hliðsjónar en stefnan er tekin 4-5 km vestan hans. Að sumri má búast við ótal lækjum og lækjarskoringum á jöklinum og geta þeir stærstu orðið til vandræða enda of breiðir til að stökkva yfir og niðurgrafir með lóðréttum veggjum en fossandi vatn í skorningunum og því hvergi fótfestu að hafa. Norðan Hamarsins er Hvítalón en úr því fellur Sveðja, einhver torfærasta jökulá landsins í óbyggðum. Þegar komið er yfir Sveðju er leiðarlýsingin einföld: gengið er þar sem greiðfærast er milli Hágönguhrauns og síðar Tröllahrauns og fellanna vestan jökulsins. Stefnan er nokkurn veginn í hásuður allt þar til kemur að Jökulgrindum. Gengið er í vesturkanti þeirra allt þar til komið er á jeppaslóð um 3 km norðan skálanna í Jökulheimum. Frá Jökulheimum er genið með Tungnaá að Svartakambi. Áfram hjá Hraunvötnum og Litlasjó að skálum í Veidivötnum.

4 KLIFSHAGAVELLIR - VERSALIR 28 KM

Klifshagavellir – Fagrifoss 5 km

Göngu- og reiðleið frá Klifshagavöllum með gljúfri Köldukvíslar að Fagrafossi í Köldukvísl.

Fagrifoss – Grjótakvísl 10 km

Göngu- og reiðleið með Köldukvísl frá Fagrafossi að Grjótakvísl.

Grjótakvísl – Versalir 13 km

Göngu- og reiðleið með Grjótakvísl, um Grjótakvíslarbotna í Versali.

ADRAR LEIÐIR

5 VAÐFIT – HRAUNEYJAR 20 KM

Gönguleið frá Hrauneyjum með Tungnaá að Kláfferjunni yfir Tungnaá, með farvegi Tungnaár framhá Fremra-Haldi, Tangavaði og Ármótafossi að Þjórsá. Áfram niður með Þjórsá að Sultartangavirkjun. Við Hald var áður ferjustaður á Tungnaá, þar yfir var ferjaður fyrsti bíll sem fór yfir Sprengisand árið 1933. Við Tangavað var bílvað á Tungnaá, fannst það um 1950. Fyrir myndun Sultartangalóns féll Tungnaá í Þjórsá í Ármótafossi.

6 HNAUS 7 KM

Gengið er frá Uppgöngugili með Fögrulindum upp á Hnaus, þaðan um Stóru-Hestatorfu að leitarmannahúsinu Ferjukoti við Innra-Hald. Við Hald var áður ferjustaður á Tungnaá, þar yfir var ferjaður fyrsti bíll sem fór yfir Sprengisand árið 1933.

7 GLJÚFURLEITARFOSS 3 KM

Vegslóði liggur frá Hálsamótum á Búðarhálsi áleiðis að Gljúfurleitarfossi. Frá honum er gengið að Þjórsá og eftir kindagötum niður með henni að Gljúfurleitarfossi. Vestan Þjórsár er Geldingatangi, þar fellur Geldingaá í fossi í Þjórsá.

8 ÞRÍVÖRÐUR 3 KM

Stikuð leið frá leitarmannakofanum Hvangiljahöll framhá Þrívörðum að fossinum Dynk í Þjórsá. Þrívörður hafa líklega verið hlaðnar til að vísa fjallmönnum leiðina um svokallaðan Hestapall í Básum og eins að tjaldstaðnum í Meyjarsæti. Fossinn Dynkur er um 38 m hár, þar fellur Þjórsá fram af mörgum stöllum og myndar þannig marga smáfossa. Fallegastur er fossin þegar mikið vatn er í Þjórsá.

9 STÓRA-KJALALDA 1 KM

Stutt og auðveld ganga á gott útsýnisfjall við Sprengisandsleið.

10 BISKUPSPÚFA 4 KM

Gönguleið frá Sandvatni á Biskupsþúfu. Biskupsþúfa er há, bungumynduð malaralda með lyng og mosagróðri í hlíðum. Talið er að við Biskupsþúfu hafi biskuparnir haft náttstað fyrr á öldum, er þeir ferðuðust milli Suður- og Austurlands, og af því sé nafnið komið.

11 HREYSISKVÍSL – HÁUMÝRAR – FJÓRÐUNGSKVÍSL 19 KM

Gönguleið frá Hreysiskvísl að Háumýrarkvísl, með Miklukvísl að Fjórðungskvísl. Leiðin fylgir gömlu Sprengisandsleiðinni sem vörðuð var á árunum 1905-6 og sjást flestar vörðurnar ennþá.

12 NÝDALUR 6 KM

Gönguleið inn Nýjadal sem er sunnan Tungnafellsjökuls. Dalbotn Nýjadals er sléttar eyrar með strjálum gróðri. Nýjadalsá fellur um Nýjadal. Kaldagil gengur inn í Nýjadal úr norðri, á móts við það er hægt að ganga upp á Mjóháls. Nýjadalur fannst árið 1845 er bændur gerðu för sína inn á fjölli að leita að haglendum sem sauðfé kynni að verða eftir í meðan enn var smalað skammt inn á öræfin.

13 TVÍLITASKARÐ 4 KM

Gönguleið að Kviavatni milli Kolufells og Skrauta í Vonarskarð. Tvílitaskarð dregur nafn sitt af dökkum lit Kolufells og ljósu líparíti sem er í Skrauta.

14 SKERÐINGUR 4 KM

Auðveld gönguleið á Skerðing. Af honum er gott útsýni yfir Hágöngulón og til Köldukvíslarjökuls.

15 NYRÐRI-HÁGANGA 2 KM

Brött en nokkuð greiðfær gönguleið á Nyrðri-Hágöngu. Af fjallinu er frábært útsýni til allra átta.

16 SKROKKALDA 2 KM

Auðveld gönguleið sem fylgir vegslóða á fjallið. Af Skrokköldu er gott útsýni til allra átta.

17 BEINAGIL – HÁGÖNGUHRAUN 13 KM

Beinagil liggur milli Hágönguhrauns og Syðri-Hágöngu. Þar fundust, árið 1992, bein sem talin eru vera af fráfarulömbum sem hefur líklega fennt inni í litlum skúta. Í Hágönguhrauni eru margvíslegar hraunmyndanir. Kaldakvísl hefur grafið sér farveg í gegnum hraunið. Þar eru í henni Leynifoss og Hraunfoss.

18 SKROKKALDA – ILLUGAVER – VERSALIR 26 KM

Gönguleið sem liggur frá Skrokköldu meðfram Hágönguhrauni að Köldukvísl. Með Köldukvísl að Köldukvíslargljúfri og í Illugaver og þaðan áfram í Versali.

19 ÖLDUVER – KALDAKVÍSL 8 KM

Gönguleið sem liggur frá Ölduveri með Svartá að Köldukvíslargljúfri.

20 KÖLDUKVÍSLARBRÚ – ÞÓRISÓS – AUSTURBOTN

Lýsing kemur síðar.

21 HVANNÁRGIL – SÁTTMÁLSÖRKIN – RAUÐHÓLL

Lýsing kemur síðar.

22 ÞÓRISTINDUR 4 KM

Gönguleið sem liggur frá Veiðivatnavegi á Þóristind. Af Þóristindi er gott útsýni til allra átta. Nokkuð bratt á kafla en í heildina auðveld leið.



23 VATNSFELL 1 KM

Lýsing kemur síðar.

24 SIGALDA 6 KM

Lýsing kemur síðar.

25 STÓRAGILSHRINGUR 16 KM

Lýsing kemur síðar.

26 TRIPPAGILSHRINGUR 18 KM

Lýsing kemur síðar.



HEIMILDIR

Bragi Sigurjónsson 1983. Göngur og réttir I, Skaftafells og Rangárvallasýslur. Bls 300-343.

Eimreiðin 1903, 9 árg. 2 tbl. Sprengisandur. Bls. 125-140.

Guðmundur Guðni Guðmundsson 1970. Saga Fjalla-Eyvindar. 248 bls.

Pálmi Hannesson og Jón Eypórsson 1950. Hrakningar og heiðarvegir II. Bls. 223-274.

Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri 2009. Aðalskráning í Ásahreppi Rangárvallasýslu 2006-2008, II bindi. Bls 108-131.